



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 29. nóvember 2017

Niðurstaða athugunar á hvort breytingar á stýrivöxtum hafi haft áhrif á þróun útlánavaxta hjá þremur bönkum og tveimur sparisjóðum

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á hvort breytingar á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands hafi haft áhrif á þróun útlánavaxta hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Landsbankanum hf., Sparisjóði Austurlands hf. og Sparisjóði Strandamanna ses. í september 2017. Markmið athugunarinnar var að skoða sérstaklega hvort starfsemi banka og sparisjóða að þessu leyti væri í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Einnig hvort þessir aðilar uppfylltu skilyrði 19. gr. laga nr. 161/2002 en þar kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

Athuginin beindist að því að skoða hvernig óverðtryggðir kjörvextir á skuldabréfum og breytilegir vextir á óverðtryggðum íbúðalánnum hefðu þróast hjá ofangreindum aðilum í kjölfar stýrivaxtabreytinga Seðlabanka Íslands en stýrivextir eru ein af mörgum breytum sem hafa áhrif á breytilega vexti. Tímabilið sem skoðað var voru þrjú ár, þ.e. frá 1. júlí 2014 til 1. júlí 2017 og breyttust stýrivextir níu sinnum á því tímabili.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í október 2017 að undangengnum samskiptum við hluteigandi banka og sparisjóð hverju sinni. Í nær öllum tilvikum breyttust óverðtryggðir kjörvextir á skuldabréfum og breytilegir vextir á óverðtryggðum íbúðalánnum hjá ofangreindum aðilum til jafns við breytingar á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands.